

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að málið yrði tekið fyrir hér fyrir dóminum, stafar af mjög miklum önnum við borgardómaraembættið, svo og því, að erfitt var að ná til meðdómsmanna.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Jóhannesson, greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Ólafssonar hdl., kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. desember 1944.

Nr. 25/1944. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson) gegn

Guðjóni Andréssyni (Magnús Thorlacius).

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverki.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðbrandur Ísberg sýslumaður.

Samkvæmt vottorði héraðslæknis dags. 8. des. 1943 fór Hólmfriður Kristjánsdóttir, er fyrir slysinu varð 4. okt. 1943 og í héraðsdómi getur, út af sjúkrahúsi 7. des. s. á. og hafði þá náð fullri fótavist. Pípan, sem rekizt hafði í hana, braut gat á brjóstakassann við mót brjóstbeins og geislunga 3. og 4. rífs, svo að húðin, sem var heil yfir brotstaðnum, en hrumluð, blakti til við andardráttinn, enda var konunni mjög erfitt um andardrátt. Eftir slysið var hún mjög þungt haldin um hrið. Telja verður meiðsli konunnar slík sem í 218. gr. almennra hegningarlaga greinir, og verður ákærði að sæta refsingu fyrir tjón það á heilsu hennar, er lýst var, samkvæmt 219. gr. sömu laga, með því að umbúnaður pípnanna á vagni þeim, er hann stýrði, var ófullnægjandi og aksturinn var of hraður, eins og á stóð. Svo varðar atferli

ákærða auk ákvæða þeirra í lögum nr. 23/1941, sem vitnað er til í héraðsdómi, og við 7. málsg. 28. gr. téðra laga. Þykir refsing ákærða fyrir ofangreint brot hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Svo ber og að svipta ákærða ökuleyfi um tvö ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Loks greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðjón Andrússon, sæti 45 daga varðhaldi, og sé sviptur ökuleyfi um 2 ár.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárúsar Jóhannessonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu 7. janúar 1944.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 23. kafla hegningarlaganna og bifreiðalögum nr. 23/1941.

Ákærði, Guðjón Andrússon bifreiðarstjóri, til heimilis að Ásholti á Skagaströnd, er fæddur í Kálfshamarsvík $2\frac{1}{10}$ 1920. Hann hefur eigi áður sætt ákæru né dómi fyrir refsivert athæfi.

Hinn 4. október s. l. milli kl. 10 og 11 e. h. ók ákærður vöruhifreið sinni, H 35, frá Skagaströnd suður eftir Höfðahólavegi, sem er brautarspotti, er liggur frá Skagastrandarkauptúni upp undir Spákonufell. Á palli bifreiðarinnar var litið eitt af sláturflutningi og þrír karlmenn, og var flutningurinn og mennirnir framarlega á pallinum. Auk þess voru á pallinum 20 vatnsleiðslupípur, 6—7 metra langar. Var þeim komið þannig fyrir, að endarnir voru látnir ganga fram með bilhúsinu hægra megin og síðan beint aftur eftir bílpallinum. Var þeim fest þannig, að brugðið var bandi um þær að framan og bandinu síðan fest í járnkrók undir bílpallsframhorni hægra megin. Bandinu síðan brugðið í

sams konar krók undir aftara bílpallshorn og síðan einbrugðið um pípurarnar, og bandinu loks fest í afturhorns-bílpallskrók vinstra megin. Við athugun undir rannsókn málsins kom í ljós, sem og augljóst mátti vera, að þrátt fyrir bragðið utan um pípurarnar gátu þær við átak auðveldlega flutzt til í áttina að vinstra pallhorni og vafalaust einnig við mikinn hristing vegna óvæginna keyrslu, en tilraun sýndi, að þær hreyfðust ekki í rólegum akstri. En gengju pípurarnar til yfir til vinstri á afturbrún pallsins, hlutu þær að sveigjast frá bifreiðinni að framan, og það því meir, sem þær gengju meir til að aftan.

Þegar ákærður hafði ekið bifreiðinni nokkurn spöl suður eftir Höfðahólaveginum, sá hann tvær stúlkur koma á móti henni. Sveigðu stúlkurnar út á vinstri vegbrún, og hefur ákærður borið, að önnur stúlkkan hafi virzt standa utan í vegkantinum, en hin á honum, er hann ók fram hjá, en á meðan á því stóð, telur hann sig hafa dregið úr hraða bifreiðarinnar, úr á að gizka 30 km hraða niður í ca. 25 km hraða, en á hraðamæli leit hann ekki. Jafnframt telur hann sig hafa sveigt til vinstri, svo sem hann þorði. Varð hvorki hann, kona, sem sat hægra megin í bílhúsinu, né mennirnir 3, er sátu uppi á pallinum, þess vör, að nokkuð kæmi fyrir stúlkurnar um leið og ekið var fram hjá þeim.

Stúlkurnar, er þarna voru á ferð, voru Hólmfriður Kristjánsdóttir, til heimilis að Litla-Felli, og systurdóttir hennar, Soffía Lárusdóttir, Skagaströnd. Með þeim var og dóttir Hólmfriðar, Þorgerður að nafni, 11 ára að aldri. Þeim Hólmfriði og Soffíu ber saman við ákærða um það, hvar þær hafi verið, er bifreiðin ók fram hjá, en telpan vék alveg út í brautarskurðinn.

Um leið og bifreiðin ók framhjá, rakst eitthvað, sem var á bifreiðinni, og ekki getur hafa verið annað en framendar vatnsleiðslupípna, í brjóst Hólmfriðar með svo miklu afli, að hún kastaðist þvert yfir brautarskurðinn. Meiddist hún svo mikið, að næstu daga var talið tvísýnt um líf hennar, en eftir tveggja mánaða sjúkrahúsvist var hún talin að mestu heil aftur, samkvæmt vottorði sjúkrahússlæknis.

Eftir að umrætt slys varð, ók ákærði áfram lítinn spöl, og mætti þá Pálma Sigurðssyni og Hólmfriði Hjartardóttur, er einnig voru á leið til Skagastrandar. Vékk Hólmfriður út af veginum, en Pálmi nam staðar á vegbrún, er bifreiðin ók framhjá, en um leið rákust pípuendar í handlegg Pálma, svo honum lá við falli og hlaut meiðsli af. Marðist handleggurinn í olnbogabót, en framhandleggurinn blánaði fram á úlnlið, og varð honum eigi höndin af fullu nýtt aftur, fyrr en eftir nálega mánuð. Menn þeir, er á pallinum voru, urðu þess varir, er pípurarnar rákust í Pálma. Gerðu þeir ákærða aðvart, og stöðvaði hann þegar bilinn, en hélt áfram ferðinni, er Pálmi taldi sig ekki hafa meiðzt til muna.

Sum vitni hafa borið, að ákærður hafi í umræddri ferð ekið með venjulegum aksturshraða, en önnur, að hann hafi ekið mjög hratt. Ekkert vitnanna leit á hraðamæli bifreiðarinnar, og vegna myrkurs var torveldara en ella að átta sig á hraðanum. Sönnun þess, að ákærður hafi ekið hraðar en hann sjálfur gizkar á, verður því ekki sótt í framburð vitnanna, en líkur virðast mjög benda í þá átt, að svo hafi verið. Pípurnar hafa hlotið að hreifast til og sveigjast frá bifreiðinni að framan, en það gat aðeins orðið vegna mikils hristings. Birtu bifreiðarljósanna bar svo skjótt undan, að hvorki konan, er sat við bílhúsgluggann hægra megin né þeir þrír menn, er sátu ofan á bílpallinum, urðu þess varir, er Hólmfriður kastaðist frá bílnum út yfir skurðinn. Í sömu átt bendir það og, að Hólmfriður skyldi kastast svo sem hún gerði, þvert yfir skurðinn, en ekki hníga niður, þar sem hún stóð. En jafnvel þó gengið væri út frá, að hraðaágizkun ákærða, er hann ók framhjá Hólmfriði Kristjánsdóttur, væri alveg rétt, verður sá hraði, 25 km á klst., að teljast ógætilegur eins og á stóð, þ. e. þegar ekið er fram hjá fólki í myrkri á þröngum vegi. Þá verður og eigi komið hjá að álykta, að ekið hafi verið ógætilega nærri stúlkunum og síðan Pálma Sigurðssyni, miðað við breidd vegarins og það, hvar fólk þetta stóð. Loks verður útbúnaðurinn um vatnsleiðslupípurnar að teljast óforsvaranlegar, jafnt fyrir því, þó ákærða sökum reynsluskorts hafi ef til vill ekki verið það sjálfum ljóst. Það verður því að telja, að ákærður hafi með ónógum útbúnaði um hættulegan flutning og ógætilegum og, eins og á stóð, of hröðum akstri gerzt sekur við 26. gr., 4. mgr., og 27. gr. 1. mgr., shr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941. Þá lítur rétturinn enn fremur svo á, að heimfæra beri verknað ákærða undir 219. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Þá skal ákærður og sviptur rétti til þess að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Guðjón Andrússon, greiði 500 — fimm hundruð — króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur leyfi til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.